

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0015
BK

Efni: Þingskálavegur - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 8. nóvember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Um er að ræða enduruppbyggingar núverandi vegar á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Þingskálavegi (268) milli Heiðar og Bolholts á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra. Lítil breyting verður á núverandi veglínu nema við Heiði, á u.þ.b. 250-300 metra kafla, þar sem vegurinn hliðrast um 6 metra þar sem mest er.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér kynningarskýrsluna og telur ekki þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat en, líkt og fram kemur í skýrslunni, þá er framkvæmdasvæðið að hluta til innan Krókahrauns sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlega nr. 60/2013 og skal hlífa því sem kostur er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

